

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá vegna sorphirðu og förgunar úrgangs í Langanesbyggð
nr. 1199/2011 með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:
Sorphreinsunargjald heimila kr. 20.000 á íbúð.
Sorpeyðingargjald heimila kr. 20.000 á íbúð.

2. gr.

Þessi gjaldskrárbreyting var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar 21. nóvember 2013 og er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000. Hún er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð og öðlast þegar gildi.

Þórshöfn, 8. janúar 2014.

Ólafur Steinarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2014